

Ed.

829. Tillaga

til þingsályktunar um fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir og Bernh. Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta flytja fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar við þá skóla, sem njóta ríkisstyrks, og haga þeim þannig, að almenningi gefist jafnframt kostur á að njóta fræðslunnar, eftir því sem við verður komið. Ennfremur sjá til þess, að ákvæðum fræðslulaga í þessum efnum sé fullnægt í barnaskólum landsins.

Greinargerð.

Tóbaksnautn hefir vaxið allmjög hér á landi upp á síðkastið. Þjóðin eyðir árlega í tóbak svo hundruðum þúsunda króna skiptir. Tóbakstollurinn er nú áætlaður 1 milljón eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur. Er því sýnt, að notkun þessarar vörutegundar er orðin æðifrekleg vor á meðal. Sérstaklega mun þó vindlinganotkun unga fólksins vera áberandi liður í þessum útgjöldum, enda mun það vera sjaldgæft, að minnsta kosti í kaupstöðum landsins, að unglingar á fermingaraldri, bæði piltar og stúlkur, séu ekki farnir að reykja.

Það er af öllum játað, og sannað með reynslunni, að tóbak, ekki sízt vindlingarnir, hefir skaðleg áhrif, lamar andlegt og likamlegt atgervi unglinga og barna. Fræðslulög vor mæla og svo fyrir, að börn skuli frædd um skaðsemi tóbaks engu síður en áfengis. En það er fjöldi unglinga, sem ekki virðist hafa fært sér þá fræðslu í nyt eða breyta eftir henni. Þykir því bera nauðsyn til að brjóta nýjar leiðir í þessu efni, ef verða mætti, að uppvaxandi kynslóðin, framtíð landsins, vaknaði til alvarlegrar ihugunar um þá hættu, sem henni stafar af tóbaksnautn.

Er þessi tillaga tilraun í þá átt, að stemma eitthvað ofurlítið stigu fyrir tóbaksnotkun unglinga, með því að benda þeim á og fræða þá um tjónið, er þeir búa sjálfum sér með vindlingareykingum.